


#### JARÐVEGSSKIFTI UNDIR SÖKKLUM:

Sé jarðvegur talinn of laus til að steypa megi á honum sökkla, skal grafa allt slíkt efni burt niður á fastara jarðlag. Uppgróftur skal að minnsta kosti ná jafnlangt út fyrir sökkla og dýpt uppgrafnar undir sökklum er.

Fylla skal síðan í grunninn með viðurkenndu fyllingarefni, hrauni, sjávarmöl eða leir- og moldarfríri grús og skal þjappa fyllinguna í lögum með vibrationsþjöppu. Skal þjöppunin ná a.m.k. sömu gæðum og fæst með 5 umferðum 1to. vibrationsváltara þegar grús er fyllt í 60cm lögum. Þegar grús er notuð í fyllinguna skal væta hana rækilega jafnhliða þjöppuninni.

Hafa skal samráð við byggingarfulltrúa og teiknistofu s. 84599. Vardandi fyllingarefni sem notað er og tiltæk tæki til þjöppunar.



#### BREIDD SÖKKLA:

Sökkla steypir á klópp eða móhellu,  $B=20\text{cm}$

Sökkla steypir á þjappað sand- eða malartag,  $B=25\text{cm}$ .

#### SKÝRINGAR:

#### UPPGRÓFTUR:

Fjarlægja skal allan lífrænan jarðveg úr grunninum svo sem mold og mó, Grafa skal fyrir sökklum niður á nægilega traustan jarðveg. Byggingarfulltrúi staðarins taki út grunnstæði hússins.

#### ÁLAG Á SÖKKLA:

Álag á sökkla undir einingahúsum, án kjallara er  $1,7\text{t/m}$  eða  $8,5\text{t/m}^2$  við  $0,2\text{m}$  breiða sökkla og  $6,8\text{t/m}^2$  við  $0,25\text{m}$  breiða sökkla.

#### UPPSLÁTTUR SÖKKLA:

Uppsláttur sökkla sé rækilega afstífaður og skal vera nákvæmlega í réttri hæð, og réttri línu. Sérstaklega þarf að vanda uppslátt sökkla.

#### DÝPT SÖKKLA:

Nedri brún sökkla sé a.m.k.  $120\text{cm}$  fyrir neðan jarðvegsyfirborð, nema klópp sé ofar, þá er lágmarkshæð sökkla  $40\text{cm}$ .

#### JÁRNALÖGN SÖKKLA:

Járn Ks 40 merkt K. Setja skal 2 K12 efst og neðst sbr. þversnið. Járnin séu heil um horn eða víxllögd um minnst  $60\text{cm}$ .

#### STEYPA SÖKKLA:

Öll steypa S 200 með sigmáli  $9\text{cm}$  og lofti  $4\%$

#### EINANGRUN SÖKKLA:

Sökkla skal einangra með  $2"$  frauðplasti, sem líma skal á sökkulveggi. Einangrunin skal ná a.m.k.  $50\text{cm}$  niður á sökkulveggina og undir alla gólfplötuna.


#### FYLLING Í SÖKKLA:

Eftir að sökkla hafa verið steypir, skal fylla upp undir gólfplötu með viðurkenndu fyllingarefni, sem þjappa skal í  $30\text{cm}$  lögum. Sérstaka áherslu skal leggja á að þjappa plötumidjur svo engin hættu sé á að fyllingin sígi undir plötunni. Sé hraun notað skal holufylla yfirborðið með sandi.

Ekki skal grafa fyrir frænnislögnum fyrr en fyllingin hefur verið þjöppuð.

#### ÚRTÖK FYRIR LAGNIR:

Sjá lagnateikningar.



MAÍ '83	BYGGINGARFULLTRUINN	GERD NR.
REIKN. TEIKN. YFIRF. MÆLIKV. 1:5	HÚSASMÍÐJAN BLÓMVANGUR 11 HAFNARFIRÐI	VERK NR. S 710
	SKÝRINGAR VIÐ SÖKKLA-STEINHÚSA	TEIKN NR. 10